

**Sp.**

**90. Fyrirspurn**

[86. mál]

til landbúnaðarráðherra um útflutningsverslun með kjöt.

Frá Inga Birni Albertssyni.

1. Er útflutningsverslun með kjöt án skuldbindinga um áframhaldandi sölu til annarra þjóða?
2. Er það rétt, sem fram kom í fréttum ríkisfjölmiðla 2. nóv. sl., að besta dillakjötsmarkaði Íslendinga á erlendri grund, í Færeyjum, hafi verið stefnt í voða með sölu á íslensku dillakjöti frá Danmörku? Ef svo er, og löglega hefur verið að þessu staðið, hvernig er hægt að fyrirbyggja að slíkt endurtaki sig?
3. Hvernig hefur markaðsnefnd landbúnaðarins starfað sl. tvö ár og hver er árangurinn af því starfi?
4. Hvaða fjárhæðum hefur verið varið úr Framleiðnisjóði í leit að hagkvæmum mörkuðum erlendis sl. tvö ár, sundurgreint eftir markaðssvæðum? Hefur fé verið varið í þessu skyni úr öðrum opinberum sjóðum? Ef svo er, hverjum og hve miklu?

**Skriflegt svar óskast.**